



Minnisblað vegna dóms Hæstaréttar 15. febrúar 2012 í máli nr. 600/2011

Titill: Endurreikningur í kjölfar dóms Hæstaréttar frá 15. febrúar 2012
Dags: 13.4.2012

Forsendur og umfang

Hinn 27. febrúar 2012 sendi Fjármálaeftirlitið lánastofnunum fyrirspurn vegna óvissu um bókfært virði gengislána í útlánasöfnum þeirra í kjölfar dóms Hæstaréttar frá 15. febrúar 2012 í máli nr. 600/2011.

Í fyrirspurninni voru lánastofnanir beðnar um að meta áhrif dóms Hæstaréttar frá 15. febrúar 2012 miðað við fjórar sviðsmyndir, þar sem sviðsmynd eitt gekk hvað lengst í túlkun dómsins til hins verra fyrir lánastofnanir og sviðsmynd fjögur skemmst.

Fjármálaeftirlitið vill sérstaklega taka fram að sviðsmyndirnar eru mótaðar af stofnuninni og fela ekki í sér afstöðu lánastofnana til áhrifa umrædds dóms eða forskrift um hvernig þeim ber að haga endurreikningi gengislána gagnvart hverjum og einum viðskiptamanni.

Neðangreindar niðurstöður miðast við sviðsmynd tvö þar sem það er mat Fjármálaeftirlitsins að aðferðafræði hennar sé í mestu samræmi við forsendur dóms Hæstaréttar og hún sé því í raun líklegasta sviðsmyndin. Í þessu sambandi má benda á að einungis 10% munur er á niðurstöðum samkvæmt sviðsmynd eitt og fjögur og er því ekki um verulegan mun að ræða.

Áhrifin sem fyrirspurnin metur er sú lækking sem verður á kröfuvirði útlána¹ niður fyrir bókfært virði þeirra eins og það var 31. desember 2011.

Fyrirspurn Fjármálaeftirlitsins frá júní 2010 (Janus) um áhrif dóma Hæstaréttar frá 16. júní 2010 á bókfært virði útlánasafna lánastofnana var gerð til þess að meta sömu áhrif en þó með annarri aðferðafræði. Þar var miðað við að óheimilt væri að binda höfuðstól lána við gengi erlendra gjaldmiðla og skyldu vextir lánanna miðast við vexti sem Seðlabanki Íslands ákveður með hliðsjón af lægstu vöxtum á nýjum almennum óverðtryggðum útlánum lánastofnana (SÍ-vextir). Ef skuldari hafði á einhverjum tímamarki ofgreitt eða vangreitt vexti miðað við endurreikning var mismunurinn lagður við eða dreginn frá höfuðstól.

Fyrirspurn Fjármálaeftirlitsins frá febrúar 2012 (Plutus) um áhrif dóms Hæstaréttar frá 15. febrúar 2012 á bókfært virði útlánasafna lánastofnana er frábrugðin fyrri fyrirspurn stofnunarinnar að því leyti að litið er svo á að hafi skuldari innt af hendi vaxtagreiðslu í samræmi við greiðsluseðil lánastofnunarinnar, þá teljist sú greiðsla vera fullnaðargreiðsla fyrir það tímabil. Þetta hefur í för með sér að ekki er heimilt að bæta „vangreiðslum“ á vöxtum, miðað við SÍ-vexti, við höfuðstól hverju sinni. Viðbótaráhrif samkvæmt niðurstöðum Plutus-fyrirspurnarinnar eru því vegna „fullnaðarkvittana“ á vaxtagreiðslum.

¹ Kröfuvirði útláns er sú fjárhæð sem skuldara ber að endurgreiða kröfuhafa í samræmi við undirliggjandi lánsamning.



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Í kjölfar gengislánadómanna frá 16. júní 2010, með gildistöku laga nr. 151/2010 í lok desember 2010 og í kjölfar svonefnds Motormax-dóms frá 9. júní 2011 viðurkenndu lánastofnanir að ákveðin lán fælu í sér ólögmæta gengistryggingu og endurreiknuðu þá lánin miðað við reiknireglu laganna og gerðu upp gagnvart viðskiptamönnum sínum. Þó hafa lánastofnanir ekki viðurkennt ólögmæti allra lána sem óvissa ríkir um og koma því Janusar-áhrif þeirra fram í Plutus-fyrirspurninni sökum þess að bókfært virði þeirra hafði ekki verið fært niður í samræmi við endurreikning fyrir 31. desember 2011. Skýringarmyndir neðar í minnisblaðinu sýna hvernig áhrifin úr Janusar-fyrirspurninni fléttast inn í niðurstöðu Plutus-fyrirspurnarinnar.

Helstu niðurstöður

Flokkur	Bókfært virði		Áhrifin	
	Milljónir	Hlutfall %	Milljónir	Hlutfall %
Óflokkað	71.710	10,73%	0	0,00%
F	367.121	54,95%	85.615	51,92%
E	30.577	4,58%	10.847	6,58%
D	92.822	13,89%	42.831	25,97%
C	76.516	11,45%	11.386	6,90%
B	29.387	4,40%	14.224	8,63%
Samtals	668.133	89,27%	164.903	100,00%

Fyrirspurn Fjármálaeftirlitsins til lánastofnana um áhrif dóms Hæstaréttar 15. febrúar 2012 á bókfært virði útlánasafna þeirra miðast við bókfærða stöðu þeirra 31. desember 2011, þ.e. fyrir dóm Hæstaréttar og afskriftir í ársreikningum vegna hans.

Í flokki F eru lán sem lánastofnanir hafa annaðhvort viðurkennt að feli í sér ólögmæta gengistryggingu eða verulegar líkur eru á að verði talin fela í sér ólögmæta gengistryggingu. Líkt og að framan greinir kom viðurkenning lánastofnana fyrst og fremst í kjölfar gengislánadómanna í júní 2010, með gildistöku laga nr. 151/2010 og í kjölfar svonefnds Motormax-dóms í júní 2011.

Talsverð óvissa ríkir um aðra flokka og er þörf á fleiri dómum til að skera úr um hvort lán í þeim feli í sér ólögmæta gengistryggingu. Eins og kemur fram í töflunni hér að framan er meginhluti áhrifanna af dómi Hæstaréttar vegna lána í flokki F eða rúmlega helmingur. Sá flokkur sem er hvað mikilvægast að skera úr um hvað varðar ólögmæti er flokkur D en áhrif vegna hans eru um 43 milljarðar kr. eða 26% af heildaráhrifum. Þar á eftir koma flokkar B, C og E með svipuð áhrif og eru samtals áhrif þeirra um 36 milljarðar kr. Þó má nefna að bókfært virði lána í flokki C er töluvert hærra en í hinum flokkunum.² Líkur eru á að hluti gengislána í þessum flokkum verði talin lögmæt erlend lán og muni því lánastofnanir ekki verða fyrir neikvæðum áhrifum vegna þeirra.

Einnig er talsverð óvissa um fordæmisgildi dóms Hæstaréttar frá 15. febrúar 2012. Má þar einkum nefna óvissu varðandi hið svonefnda viðmiðunartímamark, önnur lánaform, afborgunarhluta fullnaðarkvittana og samspil greiðsluúrræða og fullnaðarkvittana.

² Sjá má skilgreiningu á flokkum A-F í viðauka við minnisblaðið.



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Hér að neðan má sjá tölulegar niðurstöður fyrir lánastofnanir:

Áhrif endurreiknings	F		B-F		Alls
Lánastofnanir	Einstaklingar	Lögaðilar	Einstaklingar	Lögaðilar	Allir aðilar
Viðskiptabankar	16.544	57.654	25.306	119.578	144.884
Sparisjóðir	353	707	759	3.084	3.842
Aðrir	5.075	5.282	5.075	11.103	16.177
Allir aðilar	21.972	63.643	31.139	133.764	164.903
	85.615		164.903		

Bókfært virði	F		B-F		Alls
Lánastofnanir	Einstaklingar	Lögaðilar	Einstaklingar	Lögaðilar	Allir aðilar
Viðskiptabankar	97.850	248.486	109.300	525.689	634.989
Sparisjóðir	766	2.262	1.584	6.158	7.742
Aðrir	6.652	11.105	6.652	18.749	25.401
Allir aðilar	105.267	261.853	117.536	550.597	668.133
	367.121		668.133		

Eins og sjá má eru áhrifin í flokki F um 85 milljarðar kr. og ef öll lán í flokkum B-F verða talin fela í sér ólögmetta gengistryggingu þá eru neikvæð heildaráhrif um 165 milljarðar kr. fyrir lánastofnanir.

Lánastofnanir hafa nú þegar afskrifað í ársreikningum fyrir árið 2011 vegna dómsins og má sjá heildarafskriftir í neðangreindri töflu:

Afskriftir eftir dóm Hæstaréttar	
Lánastofnanir	
Viðskiptabankar	67.100
Sparisjóðir	1.118
Aðrir	2.300
Allir aðilar	70.518

Eins og sjá má þá hafa lánastofnanir þegar afskrifað rúma 70 milljarða kr. vegna dómsins og hafa því í raun mætt nær öllum áhrifum vegna lána í flokki F.



Áhrifin í Janus og Plutus

Hér að neðan eru nokkrar myndir sem skýra áhrifin vegna Janusar- og Plutus-fyrirspurnanna og innbyrðis tengsl:

	Lán sem lánastofnanir hafa viðurkennt ólögsmæt	Hafa EKKI viðurkennt ólögsmæti
Höfuðstólslækkun (Dómar 16. júní 2010 o.fl.)	Janus (110 milljarðar kr.)	
Fullnaðarkvittun (Dómur 15. febrúar 2012)	Plutus	

	Lán sem lánastofnanir hafa viðurkennt ólögsmæt	Hafa EKKI viðurkennt ólögsmæti
Höfuðstólslækkun (Dómar 16. júní 2010 o.fl.)	Janus	Plutus (165 milljarðar kr.)
Fullnaðarkvittun (Dómur 15. febrúar 2012)		

Miðað við að afskriftir lánastofnana vegna dómsins séu vegna allra lána sem þær hafa viðurkennt að séu ólögsmæt þá lítur myndin svona út:

	Lán sem lánastofnanir hafa viðurkennt ólögsmæt	Hafa EKKI viðurkennt ólögsmæti
Höfuðstólslækkun (Dómar 16. júní 2010 o.fl.)	Janus	Hámarks viðbót (94,5 milljarðar kr.)
Fullnaðarkvittun (Dómur 15. febrúar 2012)	Hafa þegar afskrifað (70,5 milljarðar kr.)	

Í töflunni hér fyrir neðan má sjá af hverju áhrifin sem koma fram í Plutus-fyrirspurninni stafa:

Áhrifaþáttur	
Lækkun á bókfærðu virði opinna samninga til 31. desember 2011.	118.105
Ofgreiðslur vegna opinna samninga sem ekki er unnt að skuldajafna.	20.657
Ofgreiðslur vegna lokaðra samninga.	26.141
Samtals	164.903



Samandregin niðurstaða

Mat Fjármálaeftirlitsins er að áhrif dóms Hæstaréttar frá 15. febrúar 2012 og endurreikningur vegna hans ógni ekki fjármálastöðugleika. Fjármálaeftirlitið áréttar þó að öll óvissa vegna uppgjörs gengislána er vissulega slæm fyrir fjármálakerfið og mikilvægt er að henni verði brátt eytt. Mun Fjármálaeftirlitið áfram fylgjast náið með framvindu þessara mála.



Viðauki við minnisblað

Skilgreining á flokkum A-F

Í fyrirspurn Fjármálaeftirlitsins frá júní 2010 var lánastofnunum gert að flokka láns- og eignarleigusamninga í útlánasöfn sínum í sex neðangreinda flokka með tilliti til þess hvernig höfuðstól (H), útborgun (Ú) og afborgun (A) þeirra var háttað. Höfuðstóll taldist vera í íslenskum krónum (ISK) ef kveðið var á um það í viðkomandi samningi að hann væri að jafngildi eða jafnvirði íslenskra króna í nánar tilteknum erlendum gjaldmiðlum (FX) og ef orðalag hans bar með sér gengistryggingu, þ.e. ef höfuðstóll væri bundinn eða miðaður við sölugengi erlendra gjaldmiðla eins og það var á útborgunardegi til fyrsta gjalddaga og tæki svo breytingum á samningstíma í takt við sölugengi þeirra milli gjalddaga. Við flokkun útborgunar bar fyrst að líta til þess með hvaða hætti kveðið var á um hana í samningi, t.d. að hún skyldi greidd inn á nánar tiltekinn innlánsreikning í íslenskum krónum eða gjaldeyrisreikning, og ef ekki var skýrt kveðið á um hana í samningi skyldi kanna með hvaða hætti framkvæmd hennar var háttað, t.d. ef andvirði hennar var í raun greitt inn á innlánsreikning í íslenskum krónum eða gjaldeyrisreikning. Sama aðferðafræði var notuð við flokkun afborgunar og útborgunar að breyttu breytanda.

Flokkar A-F

A-flokkur: H=FX, Ú=FX, A=FX

B-flokkur: H=ISK, Ú=FX, A=FX

C-flokkur: H=FX, Ú=ISK, A=FX og H=FX, Ú=FX, A=ISK

D-flokkur: H=ISK, Ú=FX, A=ISK og H=ISK, Ú=ISK, A=FX

E-flokkur: H=FX, Ú=ISK, A=ISK

F-flokkur: H=ISK, Ú=ISK, A=ISK